

Samgönguráðherra
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
postur@srn.is



Efni: Úrvinnsla boðaðra veggjalda

Hæstvirti ráðherra,

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) vilja með erindi þessu vekja athygli ráðuneytisins á að með tilkomu boðaðra veggjalda og mögulegri ábyrgð eiganda eða umráðamanns á greiðslu umræddra gjalda geta skapast hnökrar. Í því samhengi er skemmst að minnast þeirra kvilla sem upp hafa komið við innheimtu gangnagjalda í Vaðlaheiðargöngum og því benda SAF á að áður en byrjað verður að innheimta veggjöld verði unnið að fyrirkomulagi sem miðar að því að sá greiði sem aki.

Mikilvægt er að koma á framfæri að kortafyrirtæki geta afturkallað allar greiðslur sem ekki eru staðfestar af korthafa og útilokar það alla eftirvinnslu með kröfur á hendur viðskiptavinum bílaleigufyrirtækja. Nýleg innleiðing persónuverndarlöggjafar strykir einnig rétt viðskiptamanna um að reikningi verði lokað við skil/uppgjör.

Samtökin benda á að ekki hefur verið tekin almenn afstaða til veggjalda innan SAF en vilja koma á framfæri að bílaleigur, sem eðli málsins samkvæmt eru með fjölda bíla á sínum snærum þar sem akstur er í höndum óskyldra aðila, geta ómögulega innheimt kröfur fyrir veggjöldum, gagnagjöldum eða bílstæðagjöldum eftir að bíl er skilað. Kröfur sem myndaðar eru í kjölfar skila verða beinar viðskiptakröfur á hendur viðskiptamanns án milligöngu kortafyrirtækis.

Samtökin vilja með erindi þessu biðla til samgönguráðherra og samgönguráðuneytis um að vinna með hagsmunaaðilum að gagnagrunni og tengingu hans við viðskiptabókhald þar sem veghaldarar, gangnahaldarar og innheimtuaðilar stöðugjalda geta sent kröfur um leið og þær skapast og innheimtast ekki af ökumanni við akstur um viðkomandi mannvirki. Kröfur myndu þá birtast samstundis í viðskiptabókhaldi fyrirtækjanna þannig að hægt verði að krefja ökumann um greiðslu um leið og bíl er skilað. Slíkt kerfi gæti mögulega verið rekið af einkaaðila sem fengi færslugjöld í sinn hlut.

Samtökin vilja gjarnan eiga fund til að fara nánar yfir efnisatriði ofangreindrar tillögu.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson